

Náttúrubörn Norðursins ehf.  
Réttarholt 9  
Árborg

Reykjavík, 23. janúar 2020  
UST202001-385/H.H.  
09.07.01

### **Efni: Leyfi fyrir starfsemi á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Náttúrubarna Norðursins ehf., dagsett 22. janúar 2020, um hlaup við Skógafoss og Gullfoss.

Gullfoss er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing nr. 141/1979. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 477/1987. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Hlaup er við Skógafoss og Gullfoss. Við Skógafoss er byrjað við tjaldstæði og hlaupið 5km upp á Skógaheiði, áætlað er að viðburðurinn taki 3 klst. Við Gullfoss byrjar hlaupið við Einholtsveg, liggur eftir gamla Gullfossveginum, á stígnum frá brattholti að Gullfossi þar sem hlaupið endar, áætlað er að það taki um 1-2 klst. Um 12 starfsmenn vinna á vegum hlaupsins við framkvæmdina og þar að auki er fullmannaður bíll björgunarsveitar til halds og traust við gæslu. Fyrir utan starfsmenn sem vinna að brautinni þá verða tveir lækna til takst ef á þarf að halda. Uppblásið mark verður sett á tjaldsvæði við Skógafoss á meðan hlaupið stendur yfir. Heildarfjöldi þáttakanda í hlaupi eru 98. Ekki er þörf á að keyra utan vegar eða fara út fyrir stíga.

#### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur verkefni hafa lítil sem engin áhrif á náttúrufer svæðis. Þáttakendur munu hlaupa eftir stígum og slóðum sem liggja upp á Skógaheiði. Upphaf og endamark er á tjaldsvæði framan við Skógafoss, hlaupið verður um 5 km leið upp að Gluggafossi og til baka. Viðbúið er að aðrir gestir á svæðinu verði fyrir truflun vegna viðburðarins. Nokkuð stór hópur tekur þátt og ljóst að þrengsli munu myndast í tröppunum sem þarf að huga að. Mögulega þarf

að biðja aðra gesti um að hinkra með að fara í tröppurnar á meðan hópurinn kemur sér upp frá rásmarki. Aðrar merkingar sem marka hlaupaleiðina geta einnig haft áhrif á upplifun annarra gesta. Hlaupið er til að vekja athygli á brjóstakrabbameini og er því ólíklegt að upplifun annarra gesta af hlaupinu verði neikvæð.

### **Skilyrði:**

Miðað við verkefnalýsingu þá metur Umhverfisstofnun hlaupið ekki leyfisskilt við Gullfoss. Umhverfisstofnun veitir Náttúrubörnum Norðursins ehf., fyrir sitt leyti leyfi fyrir hlaupi við Skógafoss sbr. lýsingu hér að ofan 26. janúar 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Keppendur skuli halda sig innan stíga og slóða eftir fremsta megni og hvergi fara út fyrir girðingar sem afmarka viðkvæmustu svæðin. Mikilvægt er að uppbyggðum stíg sé fylgt að Fosstorfufoss, en eftir það taka við óljósari slóðar í vetraraðstæðum.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Aðstandendur viðburðarins tryggja að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi, hvorki á/við hlaupaleiðir né á drykkjastöð. Einnig að tryggt verði að merkingar sem notaðar verða við að merkja hlaupaleiðina verði fjarlægðar strax að viðburði loknum.
- Þátttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins hvort sem er á tjaldstæði eða á þeim vegum/stígum sem viðburðurinn fer fram.
- Stjórnendur viðburðarins upplýsi þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á merktri hlaupaleið til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri og jarðminjum.
- Allur akstur utan vega er bannaður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

*Hildur Hafbergsdóttir*

Hildur Hafbergsdóttir  
sérfræðingur

*Daníel Freyr Jónsson*

Daníel Freyr Jónsson  
sérfræðingur